

Hofsstaðaskóli –

Svar til skólanefndar varðandi lestur og ýmislegt tengt honum

1. Deildarstjórar sérkennslu og yngra stigs hitta leikskólakennara nemenda bæjarins og fá upplýsingar um nemendur. Upplýsingarnar eru nýttar þegar nemendum er raðað í bekki (ekki of margir nemendur með veikleika í málþroska í sama bekk (HLJÓM og TOLD 2P), hvort eitthvað þurfi að hafa í huga hjá bekkjarkennara og hvort nemendur þurfi mögulega að fara í sérkennslu.
2. Þegar kennurum er raðað á bekki á yngra stigi er hugsað út í á hvaða kjörsviði þeir hafa verið og hvaða reynslu þeir hafa af lestrarkennslu þ.a. já þeir eru yfirleitt sérhæfðir á því sviði.
3. Skólinn sendir skýr skilaboð um mikilvægi lesturs. Á haustfundum fara umsjónarkennarar yfir það með foreldrum. Í námsvísi í íslensku í hverjum árgangi er skráð til hvers er ætlast í heimalestri. Námsvísirinn er aðgengilegur á heimasíðu skólans. Einnig kemur það fram í lestrarstefnu skólans sem kennarar vísa í á haustfundum. Fræðslufyrirlestur er á haustfundi fyrir foreldra nemenda í 1.bekk sem allir foreldrar eru boðaðir á þar sem farið er í hvað þarf til að barn geti talist læst og hvaða hlutverk foreldrar og skólinn er með gagnvart lestrarnáminu. Á yngra stigi er miðað við að nemandi lesi heima a.m.k. 5x í viku og mælt er til þess að foreldrar lesi fyrir börnin sín. Kennarar skrá í Mentor ef nemandi les ekki heima 5x í viku. Kennarar gefa stjórnur og límmiða fyrir heimalestur og skrifa hvatningarorð/hrós fyrir það sem vel er gert. Einnig er oft skrifað í „Skjatta“ skipulagsbók ef nemandi þarf að lesa oftar heima.
4. Þegar barn les ekki heima er það skráð í Mentor undir “las ekki heima” og dagur tiltekinn. Ástundun er send út mánaðarlega þ.a. upplýsingar um skráningu skilar sér heim. Ef skiptin eru orðin mörg þá ræðir umsjónarkennari við foreldra um að heimalestri sé ábótavant. Sinni foreldrar illa heimalestrinum þá eru þeir boðaðir á fund með umsjónarkennara og deildarstjóra sérkennslu eða yngra stigs og farið í hvernig þurfi að bæta úr því.
5. Við skoðum í upphafi niðurstöður úr skimunum úr leikskóla og getum þá gripið strax inn í. Í október er svo lagt fyrir Leið til læsis og aftur í nóvember þá stafakönnun, orðalistar og samfelldur texti fyrir þá sem eru komnir þangað. Sérkennari hefur líka kannað stafabekkingu og lestrarfærni ef verða litlar framfarir hjá barni það er þá hvenær sem er á skólaárinu. Nemendur sem koma illa út úr Leið til læsis í október

fara líka í Hljóðfærni sem metur enn frekar grunn færni þeirra til lestrarnáms. Það þarf að skoða hvaða úrræði hafa verið notuð t.d. er barnið búið að vera í sérkennslu? Er alltaf lesið heima?

6. Farið er yfir niðurstöður (deildarstjórar, umsjónarkennarar og sérkennari) Leið til læsis í 1. bekk, lestrarpróf og Aston stafsetning í ágúst í 2. til 4. bekk. Skoðað er hvað þurfi að leggja áherslu á fyrir nemendahópinn og einstaka nemendur. Sérkennari vinnur náið með umsjónarkennara og samræmir við hann þá vinnu sem fer fram í sérkennslu og í bekknum og haft er samband heim til að styðja við að foreldrar séu að vinna með heimalestur sem barnið ræður við og eru þeir jafnframt upplýstir um hvaða leiðir við förum í skólanum. Mismunandi leiðir eru farnar til að styðja barnið það fer eftir því hvar þörfin liggur. Stuðningsfulltrúar koma einnig inn í bekk til að styðja við lestrarnámið ásamt umsjónarkennara. Þjóðist nemanda sérkennsla þá eru foreldrar alltaf upplýstir um það hvers vegna, hversu oft nemandi fær sérkennslu og hvaða áherslu verða í sérkennslunni.
7. Í 2. – 4. bekk er boðið uppá lestrarátök í samvinnu við foreldra barna sem hafa ekki náð ákveðnum viðmiðum í lestri. Foreldrar eru boðaðir á fund í skólanum þar sem farið er yfir hvaða þætti þarf að þjálfa hjá barninu og af hverju þarf að þjálfa þá. Foreldrum er kynnt námsefnið sem lagt er til grundvallar heima. Einnig er foreldrum oft boðið á minni fundi með umsjónarkennara og sérkennara og farið yfir aðferðir sem hægt er að nýta sér til að auka lestrarfærni nemandans.

Tekið saman í apríl 2015 af deildarstjóra yngra stigs Arnheiði Ösp og deildarstjóra sérkennslu Margréti Einarsd.